

Mál nr. 4/2008
Ungmennafélag Grundarfjarðar
gegn
Ungmennafélagi Snæfells

Kæra Grundarfjarðar
Dómkröfur

Ungmennafélag Grundarfjarðar fer fram á að leikur í VISA bikarkeppni KSÍ, sem háður var laugardaginn 24.maí 2008 þar sem Ungmennafélag Grundarfjarðar lék gegn Snæfell, verði dæmdur Ungmennafélagi Grundarfjarðar í hag 3:0 vegna ólöglegrar innáskiptingar Snæfells. Í umræddum leik var fimm leikmönnum Snæfells skipt inná þrátt fyrir að reglur segi til um að eingöngu sé hægt að skipta inná þremur leikmönnum.

Málavextir:

Laugardaginn 24. maí kl 15:00 var háður leikur í VISA bikarkeppni KSÍ á Stykkishólmsvelli, á milli Ungmennafélags Grundarfjarðar og Snæfells. Þjálfari Snæfells, Páll Margeir Sveinsson sá um innáskiptingar fyrir hönd Snæfells. Snæfell gerðu þrjár innáskiptingar, á 21.mínútu, 60.mínútu og 64.mínútu. Á 70.mínútu gerðu Snæfell sína fjórðu innáskiptingu. Nokkrir leikmenn Ungmennafélags Grundarfjarðar bentu dómara leiksins á að þetta væri fjórða innáskiptingin og væri því ekki löglegt. Þeir fengu þau svör hjá dómaranum að það væri þjálfara liðsins að hafa yfirumsjón yfir fjölda skiptinga hjá sér og það væri ekki dómarans að stöðva þær. Sömuleiðis kölluðu liðsmenn varamannabekkjjar Ungmennafélags Grundarfjarðar athugasemdum um þennan fjölda innáskiptinga yfir til varamannabekkjjar Snæfells en fengu engin viðbrögð við þeim. Á 74.mínútu gerðu Snæfell svo sína fimmtu skiptingu.

Tilvísun:

Ungmennafélag Grundarfjarðar vísar til reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót þar sem fram kemur í 1. grein um almenn ákvæði:

1.1 Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram í samræmi við knattspyrnulögin og samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ.

Einnig vísar Ungmennafélag Grundarfjarðar í 17.grein fyrrnefndra laga um lögmæti kappleiks:

17.1 Kappleikur er því aðeins gildur, að farið sé eftir lögum og reglugerðum KSÍ.

Sömuleiðis vísar Ungmennafélag Grundarfjarðar í 23.grein þar sem segir um leikmannaskipti:

Leikmannaskipti: Heimilt er að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 3.deild er heimilt að setja alla (5) varamenn inn á í leik.

Ungmennafélag Grundarfjarðar bendir á að Snæfell hafi skipt inn fimm leikmönnum inn á völlinn þrátt fyrir að reglugerðir KSÍ segi til um annað.

Ungmennafélag Grundarfjarðar vísar að lokum í dóm sem kveðinn var upp þann 10. júní 2004 af Áfrýjunardómstóli KSÍ í máli nr 3/2004 þar sem ÍH var dæmdur 3:0 sigur gegn ÍR eftir að ÍR hafði notað fjóra varamenn í leik liðanna sem fór fram á Kaplakrikavelli 1. júní 2004. Var þar einnig um að ræða leik í VISA bikarkeppni KSÍ eins og fyrrnefndur leikur Ungmennafélags Grundarfjarðar og Snæfells.

Röksemdir:

Reglur KSÍ taka það skýrt fram að eingöngu eru leyfðar þrjár skiptingar í meistaraflokki karla að undanskyldu 3. deild. Augljóst er að Snæfell braut þess reglu og telur Ungmennafélag Grundarfjarðar ekki hægt fyrir Snæfell að bera fyrir sig þessi mistök sé byggð á því að í 3. deildinni séu leyfðar 5 skiptingar, þar sem Snæfell spilar sumarið 2008, og því hafi þessi mistök átt sér stað. Forráðamönnum Snæfells á að vera ljóst að VISA bikarkeppni KSÍ er annað mót og um þær gilda aðrar reglur hvað fjölda innáskiptingar varðar. Sömu lið áttust við í VISA bikarkeppni KSÍ árið 2007 og var sami þjálfarinn sem stýrði Snæfell og þá var ljóst að eingöngu var leyfilegt að nota 3 innáskiptingar.

Staðan í leiknum er 3:2 þegar Snæfell gerir sína fjórðu innáskiptingu og komast svo í kjölfarið í 4:2. Þegar þeir eru komnir í 4:2 gera þeir sína fimmtu innáskiptingu og eru því komnir með tvo óþreytta leikmenn inná völlinn umfram þá þrjá sem þeir höfðu heimild til að skipta. Vill Ungmennafélag Grundarfjarðar meina að það hafi gefið Snæfelli óréttmætt forskot til að ná fram þeim úrslitum sem urðu í leiknum.

Sönnunargögn:

Ungmennafélag Grundarfjarðar vísir til leikskýrslu KSÍ frá leik Ungmennafélagi Grundarfjarðar og Snæfells sem háður var laugardaginn 24. maí 2008.

Vitni:

Nafn: Ragnar Smári Guðmundsson

Kennitala: 180986-2359

Heimilisfang: Snorrabraut 33, 105 Rvk

Nafn: Sigríður Hallsteinsdóttir

Kennitala: 150476-3059

Heimilisfang: Eyjabakki 32, 109 Rvk

Undirskrift:

Halldóra Dögg Hjörleifsdóttir

Greinargerð Snæfells

Þau mistök áttu sér stað að of margir skiptimenn voru notaðir sem kom til út af því fimm skiptimenn eru notaðir í 3 deild og öllum yngri flokkum, þjálfari datt í vanann að nota allar skiptingar. Ég undrast mjög stjórn Grundarfjarðar að kæra leikinn þar sem fleiri Grundfirðingar eru í Snæfellsliðinu og eru það leikmenn sem væru annars ekki að æfa því Víkingur Ólafsvík taldi sig ekki hafa not fyrir þá, og eru Grundfirðingar fyrst og fremst að fremja niðurbrot á framgangi knattspyrnunar á Snæfellsnesi. En fyrst og fremst vil ég benda á að engin leikmaður í Grundarfjarðarliðinu er með búsetu á Grundarfirði og er annað lið á bak við það Vatnsberarnir. Einnig undrast ég mjög að vera beðinn um taka að mér þjálfun fyrir sameiginlegt lið Grundarfjarðar og Snæfell á meðan þeir leggja fram kæru gegn mér .

Páli M Sveinssyni Þjálfara Snæfells

Úrskurður Aga-og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2008, fimmtudaginn 29. maí er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Halldóri Frímanssyni, Presti Ríkharðssyni og Gunnari Guðmundssyni

Fyrir er tekið málið nr. 4/2008:
Ungmennafélag Grundarfjarðar
gegn
Ungmennafélagi Snæfells

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Ungmennafélag Grundarfjarðar, kt 270575-6179
kt. 541094-3269, Sæbóli 5, Grundarfirði

Kærði:

Ungmennafélagið Snæfell, kt.600269-6079, Sundabakka 8, 340 Snæfellsbæ

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 28. maí sl. með símbréfi. Dómari ákvað að málið fengi flýtimeðferð og var kærða gefinn kostur á skila andsvörum innan sólarhrings sem hann og gerði, en svar kærða barst skrifstofu KSÍ fyrr í dag.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslitum kæranda og kærða í VISA bikarkeppni meistaraflokks karla sem fram fór þann 24. maí s.l. verði breytt og kærða, Ungmennafélagi Grundarfjarðar, verði dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna. Tekið er fram af hálfu kæranda að ekki sé krafist að hið kærða félag verði dæmt til greiðslu sektar.

Kærði viðurkennir brot sitt í umræddum leik og gerir engar sérstakar dómkröfur í málinu.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í umræddum leik hafi hið kærða félag skipt 5 leikmönnum inná, en einungis sé heimilt að skipta þremur mönnum inná í bikarkeppni.

III

Hið kærða félag gerði m.a. eftirfarandi athugasemdir við framangreinda kæru;

"Þau mistök áttu sér stað að of margir skiptimenn voru notaðir sem kom til út af því fimm skiptimenn eru notaðir í 3 deild og öllum yngri flokkum, þjálfari datt í vanann að nota allar skiptingar. Ég undrast mjög stjórn Grundarfjarðar að kæra leikinn þar sem fleiri Grundfirðingar eru í Snæfellsliðinu og eru það leikmenn sem væru annars ekki að æfa því Víkingur Ólafsvík taldi sig ekki hafa not fyrir þá, og eru Grundfirðingar fyrst og fremst að fremja niðurbrot á framgangi knattspyrnunar á snæfellsnesi. En fyrst og fremst vil ég benda á að engin leikmaður í Grundarfjarðarliðinu er með búsetu á Grundarfirði og er annað lið á bak við það Vatnsberarnir"

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag, Ungmennafélag Snæfells, hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins gegn Ungmennafélagi Grundarfjarðar í VISA bikarkeppni í meistaraflokki karla þar sem félagið skipti 5 leikmönnum inná í leiknum, en í bikarkeppni er aðeins heimilt að skipta 3 leikmönnum inná. Leikurinn fór fram á heimavelli kærða, Stykkishólmsvelli kl. 15.00, 24. maí 2008 Fram er komið í málinu að hið kærða félag viðurkennir brot sitt. Verður af þeim sökum að taka dómkröfur kæranda, Ungmennafélags Grundarfjarðar til greina í málinu.

Í kæru er byggt á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, 23. gr. þar sem kveðið er á um leikmannaskipti, en þar segir: "Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 3. deild er heimilt að setja alla (5) varamenn inn á í leik." Reglan á við í bikarkeppni KSÍ, en umræddur leikur var liður í henni. Brot þetta varðar viðurkögum og sektum skv. 40. gr. 1. lið í reglugerð um Knattspyrnumót.

Úrslitum í framangreindum leik í VISA bikarkeppni karla í meistaraflokki er breytt á þann veg að kæranda, Ungmennafélagi Grundarfjarðar, er dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna. Skýlt er að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurkögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 10.000 í sekt til KSÍ.

V.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá úrskurði aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

VI.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik Ungmennafélags Snæfells og Ungmennafélags Grundarfjarðar í VISA bikarkeppni karla í meistaraflokki sem fram fór þann 24. maí s.l. á Stykkishólmsvelli kl. 15.00 er breytt og Ungmennafélagi Grundarfjarðar dæmdur 0-3 sigur í leiknum. Ungmennafélagið Snæfell greiði kr. 10.000 í sekt til KSÍ.

Gunnar Guðmundsson

Halldór Frímansson

Þróstur Ríkhartsson